



*Þorsteinn Viðar
Ragnarsson*

Fæddur 1. október 1936

Dáinn 27. júlí 2022



*Útför frá Akraneskirkerju
föstudaginn 19. ágúst 2022*

Forspil
Adagio í G-moll
E. Albinoni

Bæn

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

*Porkell Sigurbjörnsson -
Kolbeinn Tumason*

Ritningarorð

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.


En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Lítu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því fegurðin í henni býr.


Bragi Valdimar Skálason

Ritningarorð









Einsöngur
Þannig týnist tíminn
Bjartmar Guðlaugsson

Guðspjall

Einsöngur
Hallelúja
Leonard Cohen - Atli Guðlaugsson

Minningarorð

Vér biðjum þig, Drottinn, að blessa þá hrjáðu, Þú leiðir oss, Drottinn, að lindunum hreinu,
þú birtir oss syndugum mátt þinn á jörð. þú ljósið þitt kveikir við himnanna stól.
Lát náðarsól rísa, veg þeim öllum vísa, Um tíma þó syrti, þá brátt aftur birtir,
er villir fóru leið, hafa týnt sinni hjörð. þú breiðir út þinn faðm og veitir oss skjól.

Vér flytjum þér lofgjörð, þú líknar og græðir
og léttir oss göngu í stormanna klið.
Frá ánaud og helsi gef hjörð þinni frelsi,
þín hjálp er jafnan nær! Ó, Guð, veit oss frið.
Veit oss þinn frið!

Hollenskt þjóðlag - Óskar Ingimarsson

Bæn / Faðir Vor

Efst á Arnarvatnshæðum Og undir norðurásnum Á engum stað ég uni
oft hef ég fáki beitt. er ofurlítill tó, eins vel og þessum mér.
Þar er allt þakið í vötnum, og lækur líður þar niður Ískaldur Eiríksjökull
þar heitir Réttarvatn eitt. um lága hvannamó. veit allt, sem talað er hér.
Þar er allt þakið í vötnum, Og lækur líður þar niður Ískaldur Eiríksjökull
þar heitir Réttarvatn eitt. um lága hvannamó. veit allt, sem talað er hér.

*Erlent lag -
Jónas Hallgrímsson*

Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstríð eina	Ég lífi' í Jesú nafni,
upp vex á sléttri grund	í Jesú nafni' eg dey,
fagurt með frjógvun hreina	þó heilsa' og líf mér hafni,
fyrst um dags morgunstud,	hræðist ég dauðann ei.
á snöggu augabragði	Dauði, ég óttast eigi
af skorið verður fljótt,	afl þitt né valdið gilt,
lit og blöð niður lagði -	í Kristi krafti' eg segi:
líf mannlegt endar skjótt.	Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Góða ferð

Jose Feliciano - Jónas Friðrik

Prestur: Sr. Þráinn Haraldsson

Organisti - Harmonikuleikur: Friðrik Vignir Stefánsson

Söngur: Tindatríó og Grundartangakórinn

Einsöngur: Bjarni Atlason, Guðlaugur Atlason

Útfararþjónusta Akranes Kirkju

Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Gamla Kaupfélaginu við Kirkjubraut 11, Akranesi, að athöfn lokinni